

HF productions ehf.  
Súðarvogi 7  
104 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2019  
UST201911-097/H.H.  
09.04.00

### **Efni: Umsókn um leyfi til aksturs utan vega - Gróttu**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn HF productions ehf., dagsett 14. nóvember 2019, um myndatöku í Gróttu.

Gróttu er friðlýst sem friðland sbr. auglýsingu nr. 13/1984. Óheimilt er að aka um svæðið, Siglingarstofnun Íslands er heimil eðileg umferð um svæðið með ökutæki, enda er sú umferð takmörkuð við þjónustu vitans og aðra starfsemi Siglingastofnunar á staðnum.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Taka á upp kvikmynd í Gróttu þann 27. nóvember 2019. Gert er ráð fyrir að 25 manns muni koma að tökum. Aka þarf bíl út í Gróttu, en ekið verður eftir slóða að húsum og að vitanum. Aðeins verður einn bíll notaður. Við myndatökuna verður notast við dróna.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á dýralíf eða gróður á svæðinu. Lítið fuglalíf er á svæðinu á þessum árstíma. Ekki er gert ráð fyrir jarðraski og að aksturinn verði eingöngu á slóða og á gönguleið yfir fjörुकambinn. Gróttu er vinsæll staður til útiveru allt árið um kring, Umhverfisstofnun metur því að verkefnið gæti haft neikvæð áhrif á upplifun gesta, þar sem eingöngu er hægt að heimsækja svæðið á takmörkuðum tíma dags vegna flóðs og fjöru.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir HF production ehf., fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri út í Gróttu sbr. lýsingu hér að ofan 27. nóvember 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað sem upplýsir gesti svæðisins hvað sé í gangi.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitsemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt sorp verði fjarlægt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Haga skal flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir  
settur forstjóri



René Biasone  
sérfræðingur